

# MINNISBLAÐ

Til Reykjavíkurborgar

DAGS 6. júlí 2023

## TRJÁGRÓÐUR Í ÖSKJUHLÍÐ - ÓÁSÆTTANLEG HÆTTA FYRIR LOFTFÖR.

HÖFUNDAR VJB, BH

YFIRLESID SBJ

Í undangengnum samkomulögum milli ríkis og borgar um framtíð og hlutverk Reykjavíkurlugvallar hefur verið ákvæði um að fara þurfi í trjáfellingar í Öskjuhlíð en Reykjavíkurborg hefur aðeins framkvæmt lítinn hluta af því verkefni.

Nú er svo komið að trjágróður í Öskjuhlíð er farin að verða raunveruleg öryggisógn gagnvart loftförum í aðflugi að braut 31 og brottflugi frá braut 13. Vindafar ræður notkun flugbrauta og flugbraut verður að vera aðgengileg og örugg til þess að tefla ekki rekstraröryggi flugvallarins í tvísýnu.

Samkvæmt alþjóðaflugvallareglugerð EU 139/2014 og Skipulagsreglum Reykjavíkurlugvallar er það m.a. hlutverk flugvallarins að vakta hættu vegna trjágróðurs og vara viðeigandi landeigendur við, svo þeir geti brugðist við og sinnt skyldum sínum.

Samtímis skal eftirlitsaðili flugvallarins, þ.e. Samgöngustofa – fá afrit af þeim viðvörðunum.

Til frekari útskýringar á aðsteðjandi hættu þá snýr erindið að tveimur hindranafötum umhverfis flugvöllinn að flugbrautum 13/31 úr austri yfir Öskjuhlíð.

Hindranafletina má skýra stuttlega með eftirfarandi:

- VSS-flötur** (Visual Segment Surface) –  $1.12^\circ$  undir aðflugshorni flugbrautar byrjar 60m fyrir framan flugbrautarþröskuld út frá öryggissvæði flugbrautar og gleikkar um 15% til hvorrar handar.  
VSS-flötur skal vera hindranalaus. Fari hindrun þó upp úr VSS-fleti er hægt að meta áhrif hennar á öryggi, þ.e. hverja og eina hindrun. Niðurstaða úr slíku mati getur verið að lækka þurfi hindranir eða fjarlægja þær alfarið.
- OCS – flötur** (Obstacle Clearance Surface) - er þrengri en VSS-flötur og með lítið eitt hærra horni. Engin hindrun má fara upp úr OCS-fletinum.

Hindranir sem fara upp úr þessum hindranafötum hafa þ.a.l. sjálfkrafa áhrif á aðflugslágmörk viðkomandi flugbrautar.

Í flugstjórnarlegu tilliti er búið að bregðast nokkrum sinnum við síðan árið 2011 og gera aðflugið æ brattara, þ.e. úr  $3.7^\circ$  í  $4.45^\circ$  á 12 ára tímabili sem þýðir í heildina um rúmlega 20% aukningu á aðflugshalla. Þær breytingar hafa verið gerðar í samráði við Samgöngustofu og áttu eingöngu að vera tímabundnar skammtímalausnir.


Í stað þess að loftfar lækki aðflug sitt rólega með eðlilegum aðdraganda og niður í örugga hæð undir skýjum þarf loftfar nú að lækka sig hratt niður eftir að það kemst framhjá hindrunum sínum í Öskjuhlíð til að geta lent á flugbrautinni. Loftfarið kemur þ.a.l. mjög bratt niður og ef að aðstæður breytast til hins verra á lokametrum aðflugs (approach) þá verður því sem næst ómögulegt fyrir það að hefja örugglega fráflug frá brautinni (missed approach). Nú er komið að þolmörkum hvað hæð trjána varðar – útilokað er að auka aðflugshallann frekar og hækka á lágmarkshæð í aðfluginu myndi gera það næstum ónothæft og ýta frekar undir hliðarvindslendingar á öðrum flugbrautum. Öryggisógnin gagnvart loftförum sem nota flugbrautina er þ.a.l. staðreynd og bregðast þarf tafarlaust við og fjarlægja hindranir.

Samkvæmt rannsókn Svarma með LIDAR-hæðarmælingu í mars 2022, kemur í ljós að töluverður fjöldi trjáa í suð-vesturhlíð Öskjuhlíðar nær upp í VSS-flötinn eða 800 tré ásamt öðrum 125 trjám sem áttu minna en 1m upp í VSS-flöt þá. Samtals eiga tæplega 400 tré minna en 3 metra í vexti til að ná í gegnum VSS-flöt.

Rauðir punktar á mynd sýna staðsetningu trjáa sem ná í gegnum VSS-flöt.

Gulir punktar á mynd sýna staðsetningu trjáa sem eiga minna en 3m í vexti til að ná í gegnum VSS-flöt.

Grænir punktar á mynd sýna önnur lægri tré á svæðinu sem fylgjast þarf með á næstu árum.



Verklag Reykjavíkurborgar um að fella 1-10 tré árlega fullnægir öryggissjónarmiðum alls ekki og uppfyllir ekki þá þörf sem fyrir hendi er varðandi að fjarlægja þær hindranir sem þegar eru til staðar.

Er það nú krafa Isavia Innanlandsflugvalla að Reykjavíkurborg bregðist við hættunni án tafar.

Tveir möguleikar eru í stöðunni.

1. Að landeigandi bregðist við hættunni í eitt skipti fyrir öll og felli öll tré innan þessara tveggja geira aðflugsflatarins (OCS og VSS) – u.þ.b. 2900 tré.
2. Öll tré sem skera VSS- flöt eru felld (u.þ.b. 800 tré) ásamt öllum trjám sem eiga minna en 3m upp í VSS-flöt (u.þ.b. 400 tré) – samtals 1200 tré.

Isavia Innanlandflugvellir eiga GPS-hnit af öllum þessum trjám.

Grenitré vaxa að meðaltali u.þ.b. 0,5-1m á ári og má því gera ráð fyrir að fjöldinn hafi aukist síðan rannsókn Svarma fór fram í mars 2022.

Ef leið tvö er valin er lagt til að landeigandi framkvæmi LIDAR-rannsókn á a.m.k. þriggja ára fresti og kynnir niðurstöður þeirrar rannsóknar fyrir Isavia Innanlandsflugvöllum.

Í kjölfar þeirrar rannsóknar muni Reykjavíkurborg og Isavia Innanlandsflugvellir í sameiningu ákveða hve mörg tré skulu felld svo þau nái aldrei upp í VSS-flöt innan næstkomandi 3 ára tímaramma.

Framundan eru áætlanir um mikla uppbyggingu á Borgarlínu í nágrenni flugvallarins m.a. á nýrri brú yfir Fossvoginn. Á framkvæmdatímanum þarf að reisa stóra krana í Fossvoginum sem munu hafa í för með sér lokun á mest notuðu flugbraut Reykjavíkflugvallar, þ.e. 01-19 - í lengri eða skemmri tíma. Það er því afar mikilvægt að búið verði að tryggja fullt nothæfi flugbrautar 13-31 til þess að hún sé líklegri að geta leyst flugbraut 01-19 af hólmi meðan á framkvæmdum stendur í Fossvoginum vegna Borgarlínu.



Verði ekki hægt að ná ásættanlegri sameiginlegri lausn um þetta verkefni þá er sú stjórnvaldsleið fyrir hendi að Innviðaráðuneyti og Isavia Innanlandsflugvellir beiti núgildandi skipulagsreglum flugvallarins: „sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum og gróðri í nágrenni við Reykjavíkflugvöll“.

Isavia Innanlandsflugvellir benda á að fyrir hagsmunaaðila er vænlegast að ná samstarfi um málið. Félagið er að sjálfsögðu reiðubúið til samtals um þátttöku í mótvægisáðgerðum t.a.m. að planta tveimur trjám fyrir hvert tré annarsstaðar í borgarlandinu eða taka þátt í útfærslu hins breytta umhverfis í Öskjuhlíð til að gera það að skemmtilegu og aðlaðandi almannarými.

Með vinsemd og virðingu,

Sigrún Björk Jakobsdóttir  
Framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla ehf

Afrit:

Innviðaráðuneytið

Samgöngustofa

Öryggisnefnd FÍA

## Aerodrome Certificate

Certificate reference: **IS.ADR.02**

Pursuant to Regulation (EC) No 216/2008 of the European Parliament and of the Council, and to Commission Regulation (EC) No 139/2014 Implemented into Icelandic legal order with Regulation No 812/2012 and Regulation No 75/2016, the Icelandic Transport Authority hereby certifies that

---

**Reykjavíkflugvöllur - BIRK**

**Aerodrome reference point: 640748N, 0215626W**

---


is authorized to be operated as aerodrome, in accordance with the provisions of Regulation (EC) No 216/2008 and its Implementing Rules, the aerodrome certification basis, the terms of the certificate attached to this aerodrome certificate and the aerodrome manual.

This certificate shall remain valid for an unlimited duration, unless it is surrendered or revoked.

Date of original issue: 22.12.2017

For the Icelandic Transport Authority

---



---

Guðjón Atlason

Director Infrastructure and Navigation



**Samgöngustofa**

Icelandic Transport  
Authority

# Certification Aerodrome

## Appendix 1 – Terms of the certificate

Terms of the certificate for Isavia - Regional Airports ehf.

Isavia Innanlandsflugvöllir ehf, Reykjavíkflugvöllur

**1. Certificate reference:**

IS.ADR.20

**2. Aerodrome Name - ICAO location indicator:**

Reykjavik Airport - BIRK

**3. Runway — Operation condition and declared distances:**

RWY	Type of approaches	Ref.-code	TORA	TODA	ASDA	LDA
01	IFR non-precision approach	3C	1677	1677	1677	1487
19	IFR precision approach CAT I	3C	1567	1567	1567	1567
RWY	Type of approaches	Ref.-code	TORA	TODA	ASDA	LDA
13	IFR non-precision approach	3C	1375	1375	1375	1230
31	IFR non-precision approach	3C	1349	1349	1349	1165

**4. Conditions to operate: Day/Night VFR & IFR**

**5. Scope of aircraft operations with a higher aerodrome reference code letter:**

B757-200

**6. Provision of apron management services:**

N/A

**7. Rescue and firefighting level of protection:**  
ICAO CAT VI

**8. Other**

**Deviations**

Type	Applied
SC	2
CAP	1
ELoS	0
DAAD	6

Detailed information of each deviation is stored in OneCrm system.

**Special requirements on aircraft operators:** N/A

**LVO:** Not established

**LVTO:** Not established

Special terms / requirements

Date of acceptance	Regulation	Description of Deviation	Deviation	Validity
20.12.2017	<b>CS ADR-DSN.L.535 Threshold marking</b>	Runway threshold stripes are 10 instead of 12	CAP	01.09.2018 Extended to 01.09.2022
20.12.2017	<b>CS ADR-DSN.D.240 Taxiways general</b>	Area „Fluggarðar“ at the aerodrome do not fulfil the requirements regarding taxiways	DAAD	Until the maintenance area “Fluggarðar” is closed
20.12.2017	<b>CS ADR-DSN.D.260 Taxiway minimum separation distance</b>	Distance between runway centre line on RWY 01/19 and taxiway ALPHA is 120m instead of 168m	SC	

20.12.2017	<b>CS ADR- DSN.B.160 Width of runway strip</b>	The runway strip for runway 13/31 is not fulfilling certification specifications outside 75m from runway centre line due to obstacles	DAAD	Valid until the area is reconstructed for runway extension or landuse
20.12.2017	<b>CS ADR- DSN.D.260 Taxiway minimum separation distance</b>	Building is only 23m from centre line on taxiway ALPHA	DAAD	Valid until the building is removed
20.12.2017	<b>CS ADR- DSN.H.405 Applicability</b>	Terrain penetrating the obstacle limitation surfaces east and south/east of runway 01/19	SC	
20.12.2017	<b>CS ADR- DSN.H.405 Applicability</b>	Several buildings, masts and antenna that penetrate the obstacle limitation surfaces	DAAD	Valid until the objects are removed
20.12.2017	<b>CS ADR- DSN.B.165 Objects on runway strips</b>	Buildings situated in the outer part of the runway strip at RWY 01/19	DAAD	Valid until the buildings are removed
20.12.2017	<b>CS ADR- DSN.M.625 Approach lighting systems, general and applicability</b>	No simple approach lighting system are provided for runway 01, 13 and 31	DAAD	01.01.2030



Reykjavíkurborg  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2024  
Tilv.:24051725 / HH6

## Efni: Trjágróður í Öskjuhlíð

Vísað er til minnisblaðs Isavia innanlandsflugvalla (ISI) um trjágróður í Öskjuhlíð sem sent var Reykjavíkurborg 6. júlí 2023 (sjá viðhengi). Eins og fram kemur í minnisblaðinu er hæð trjágróðurs farinn að hafa áhrif á flugöryggi í tengslum við aðflug og brottflug loftfara á Reykjavíkflugvelli og mikilvægt að Reykjavíkurborg bregðist við.

Samgöngustofa hefur auk þess fengið afrit af samskiptum milli Isavia innanlandsflugvalla og Reykjavíkurborgar undanfarin ár varðandi öryggisógn þá sem trjágróður skapar gagnvart loftförum sem nota ákveðnar flugbrautir á Reykjavíkflugvelli.

Samgöngustofa vill upplýsa Reykjavíkurborg um að stofnunin auðkenndi frávik á Reykjavíkflugvelli þann 27. nóvember 2023 vegna hindrana (þ.e. trjágróðurs) í aðflugs- og brottflugsflötum flugvallarins. Frestur ISI til að loka frávikinu hefur verið veittur til 2. september nk. en Samgöngustofa hefur ítrekað framlengt frestinn þar sem Reykjavíkurborg hefur ekki brugðist við beiðnum ISI um að lækka trjágróðurinn. Samgöngustofa hefur nú upplýst ISI um að frekari frestur til að loka frávikinu verði ekki veittur.

Samgöngustofa vill benda Reykjavíkurborg á 148. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, sem kveður á um frávik frá hæðartakmörkunum o.fl. við setningu skipulagsreglna en þar kemur eftirfarandi fram:

*Óheimilt er að víkja frá hæðartakmörkunum eða öðrum takmörkunum á eignarrétti, afnotum og nýtingu eigna sem kveðið er á um í skipulagsreglum flugvallar án samþykkis Samgöngustofu.*

Samkvæmt framangreindu er óheimilt að láta tré vaxa upp í hindranafleti flugvallarins, á sama máta og óheimilt er að byggja mannvirki sem fara upp í hindranafleti, án samþykkis Samgöngustofu. Í þessu samhengi er vísað til skipulagsreglna Reykjavíkflugvallar sem sýna þau svæði, hindranafleti, sem um ræðir á og í nágrenni við flugvöllinn.

Samgöngustofa kallar hér með eftir því að Reykjavíkurborg bregðist við og lækki og/eða felli trjágróður og taki þátt í því með Isavia innanlandsflugvöllum í kjölfarið að vakta vel og reglulega allan trjágróður umhverfis flugvöllinn til að koma í veg fyrir endurtekningu á því að trjágróður skapi óásættanlega áhættu fyrir flugöryggi.

Samgöngustofa vísar einnig til 149. gr. laga um loftferðir um framfylgni með skipulagsreglum flugvallar. Ákvæðið er svohljóðandi:

*Sveitarstjórnnum skal heimilt að beita valdheimildum sínum samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki til að tryggja framfylgni við skipulagsreglur flugvallar sem tekið hafa gildi. Þar sem eftirliti sveitarstjórna á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki sleppir skal Samgöngustofa hlutast til um að skipulagsreglum flugvallar sé framfylgt.*

*Ef takmörkun samkvæmt skipulagsreglum er ekki hlítt án þess að fyrir liggi samþykki Samgöngustofu skv. 2. mgr. 148. gr. skal Samgöngustofa setja þeim er í hlut á frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir ef ekki er framfylgt skilyrðum fyrir samþykki skv. 148. gr.*

*Ef frestur líður án þess að úr sé bætt er Samgöngustofu heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina lögreglu.*

Samgöngustofa vísar jafnframt til 232. gr. laga um loftferðir varðandi verndarráðstafanir: *Samgöngustofu er heimilt að gripa til hvers konar ráðstafana til að bregðast við byrjuðum eða yfirvofandi vanda er tengist öryggi í flugi ef vandinn felur í sér alvarlega áhættu á sviði flugöryggis og þörf er á tafarlausum aðgerðum til að bregðast við.*

Samkvæmt framangreindu hefur Samgöngustofa veitt Isavia innanlandsflugvöllum frest til 2. september nk. til þess að framkvæma úrbætur vegna umrædds fráviks sem felst í að lækka trjágróður í Öskjuhlíð niður fyrir hindranafleti í að- og brottflugsferlum. Fari svo að Isavia innanlandsflugvellir nái ekki samkomulagi við Reykjavíkurborg um aðgerðir mun Samgöngustofa fara í nauðsynlegar aðgerðir til þess að fjarlægja þær hindranir sem eru í Öskjuhlíð, á kostnað Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

Hákon Varmar Önnuson,  
Eftirlitsmaður flugvalla

Erla Daðadóttir,  
lögfræðingur

Afrit: Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri Isavia innanlandsflugvalla  
Fylgiskjöl: Minnisblað ISI dags. 6. júlí 2023

12. desember 2024



# Hindranir við OCS og VSS fyrir flugbraut 13/31, Reykjavíkurlflugölli

*Útgáfa AC*

Öskjuhlíð, Reykjavík

Tryggvi Stefánsson, Asra Salimi, Amir Hamedpour



Svarmi ehf.  
Hlíðasmári 8  
201 Kópavogur, Iceland  
+354 555 1338

Rev.	Dagsetning	Lýsingar á breytingum	Nafn
AB	2024/11/08	<ul style="list-style-type: none"> <li>• The text has been revised in many sections to improve clarity and readability.</li> <li>• Added information to the OCS and VSS result sections, that a tree was only considered as a tree if the height above ground was above 2.5m.</li> <li>• The total number of trees under the VSS and OCS was updated based on an improved classification method. This does not change the number of trees above the planes and slightly changed the number of trees below but close to the planes</li> <li>• Summary tables were added on the results of the classification in the OCS and VSS result sections</li> <li>• Updated figures 4, 6, 7, 8 and 9</li> <li>• Added information to the last section (Georeferencing and Accuracy of the data) with better estimation on the accuracy of the classifications.</li> <li>• Replaced tables in Appendix</li> </ul>	TS
AC	2024/12/04	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skýrsla þýdd yfir á íslensku, titli á skýrslu breytt</li> </ul>	TS




## Efnisyfirlit

<b>Yfirlit.....</b>	<b>4</b>
<b>Aðferðafræði.....</b>	<b>4</b>
<b>Niðurstöður: Hindranir við OCS.....</b>	<b>7</b>
<b>Niðurstöður: Hindranir við VSS.....</b>	<b>10</b>
<b>Hnitsetning og nákvæmni gagna.....</b>	<b>13</b>
<b>Viðauki.....</b>	<b>14</b>

## Yfirlit


Markmið verkefnisins var að nota dróna útbúnum LiDAR skynjara og myndavél til þess að kortleggja eða skanna skóglendi í Öskjuhlíð í stefnu flugbrautar 13/31 á Reykjavíkflugvelli. Þau gögn sem til urðu við skönnunina voru notuð til þess að greina hindranir yfir eða nálægt flötum sem nefnast á ensku Obstacle Free Surface (OCS) og Visual Segment Surface (VSS). Á mynd 1 má sjá það svæði sem var skannað og notað til að greina hindranir við OCS og VSS.



Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu flugbrauta 13/31 við Reykjavíkflugvöll BIRK ásamt legu flatanna OCS og VSS. Grænu útlínurnar á myndinni sýna það svæði sem var skannað og er notað í þessari skýrslu til að greina hindranir við OCS og VSS.

## Aðferðafræði


Þann 4. október 2024, á milli kl. 11:00 og 13:00, var svæðið kortlagt með dróna, með áföstum LiDAR skanna og var heildarstærð á svæðinu um 0,406 km<sup>2</sup>. Við þessa mælingu varð til 3D punktaský þar sem hver punktur var nákvæmlega staðsettur í rými með x, y og z hnitum. Punktaskýið var með meðal þéttleika um 1.674 punkta á hvern fermetra, sem jafngildir meðalfjarlægð milli punkta upp á um 2,5 cm. Þessi þéttleiki var nægjanlegur til að greina hindranir, flokka tré og mæla hæðir yfir eða undir CSS og Brottflugsflötum með sentímetra nákvæmni. Samtímis voru teknar RGB ljósmyndir sem bætti enn frekar við greiningar hlutann í punktaskýinu. Mynd 2 sýnir hvernig OCS (blár) og VSS (rauður) fletirnir eru staðsettir í samhengi við punktaskýið.



Mynd 2. Skjáskot af punktaskýinu sem varð til við LiDAR skönnunina (punktaský lítað með gögnum úr myndavél) ásamt flötunum OCS (blár) og VSS (rauður).

Fyrir bæði OCS og VSS voru allir punktar sem fóru upp fyrir fletina greindir og þyrpingar punkta greindir sem hindrun. Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að allar þessar þyrpingar séu trjátoppur en það var einnig staðfest út frá loftmyndum. Hæsti punktur hversar þyrpingar var að lokum sóttur og hæð þess punkts dregin frá punkts í fletinum í sömu X og Y hnitum. Með þessu fékkst staðsetning í plani sem og hæð yfir flötunum OCS og VSS. Gengið er út frá því að þessi punktar séu trjátoppur sem eru ýmist yfir eða undir flötunum OCS og VSS.

Ennfremur var gerð greining á þeim trjám sem voru undir flötunum OCS og VSS. Sú greining fór öðruvísi fram en á þeim punktum sem voru fyrir ofan fletina OCS og VSS. Þetta var gert með því að flokka einstaka tré og sækja hæsta punkt á hverju tré sem er þá trjátoppurinn. Hæðin á trjátoppnum var svo dregin frá þeirri hæð í X og Y hnitum í hvorum fletinum fyrir sig, OCS og VSS. Með þessum upplýsingum fékkst því fjarlægð frá trjátoppum upp í fletina OCS og VSS. Með þessu gagnasetti er því hægt að fá yfirgripsmikinn skilning á þeim hindrunum (skera fletina VSS eða OCS) sem eru til staðar í dag og ennfremur hvar búast má við að trjágróður vaxi á næstu árum upp fyrir fletina OCS og VSS. Á mynd 3 má sjá skjáskot af gögnunum ásamt greiningu á staðsetningu trjáa (trjátoppum, merkt með appelsínugulu) sem og staðsetningu á flötunum OCS og VSS.




Mynd 3. Skjáskot af punktaskýi lituðu með gögnum út frá myndavél til að sýna “raun” liti. Appelsínugulu punktarnir sýna staðsetningu trjátoppa eins og þeir voru greindir í þessu verkefni. OCS er sýnt í dökkbláum lit.




## Niðurstöður: Hindranir við OCS

OCS flöturinn nær í austurátt frá braut 13/31 á Reykjavíkflugvelli. Upphaflega var LiDAR punktaskýið greint til þess að staðsetja tré með X, Y og Z hnitum með mjög mikilli nákvæmni (undir 10cm). Greiningin náði yfir tré sem mældust yfir 2,5 metra hæð og í heildina greindust 4.777 tré innan lárétta OCS svæðisins. Mynd 4 sýnir staðsetningu allra þeirra trjáa sem greindust innan lárétts flatar OCS, þar sem X og Y hnit trjáanna falla innan X og Y hnita vörpunar OCS flatarins.




Mynd 4. Hér má sjá staðsetningu allra þeirra trjáa (fjólublár punktur) sem greinast innan þess svæðis sem flöturinn OCS markar.

Þegar horft var til skörunar á OCS fleti í Z hnitum (lóðréttu plani) komu í ljós 23 hindranir sem reyndust við yfirferð á loftmynd (RGB mynd) sem aflað var samhliða LiDAR gagnanna allar vera tré, sjá mynd 4. Hæsta tréð sem greindist mældist 1,304 metra yfir skilgreindum OCS fleti en að því meðtöldu mældust tvö tré meira en 1 meter yfir OCS fletinum.



Mynd 5. Staðsetning þeirra trjáa sem mældust yfir skilgreindum OCS fleti, litakóðað eftir hæð þeirra yfir OCS. Heildarfjöldi trjáa yfir OCS fletinum eru 23



Mynd 6. Staðsetning þeirra trjáa sem mældust innan 5 metra frá (neðan við) OCS flötinn, skipt niður í fjóra flokka eftir nálægð við OCS

53 tré sem voru innan við 1 meter undir OCS fletinum voru greind úr LiDAR punktaskýninu og yfirferð á loftmynd renndi stoðum undir að þarna væri um tré að ræða. Þessi hópur 53 trjáa innfelur ekki þau 23 tré sem áður voru greind fyrir ofan OCS, og fjallað er um fyrr í þessari skýrslu og á mynd 5. 71 tré mældust á milli 1 til 2 metra undir OCS fletinum. 102 tré mældust á milli 2 til 3 metra undir OCS fletinum. 165 tré mældust á milli 3 til 5 metra undir OCS fletinum. Tafla með staðsetningu þeirra trjáa í nálægð við OCS sem hér koma fram má finna í viðauka við þessa skýrslu. Sjá einnig samantekt í töflu 1 hér neðar.

Tafla 1. Samantekt niðurstaðna um tré yfir eða undir og nálægt OCS fletinum

OCS flötur	Fjöldi trjáa
Yfir OCS	23
0-1m undir OCS	53
1-2m undir OCS	71
2-3m undir OCS	102
3-5m undir OCS	165

**Heildarfjöldi trjáa sem greinast innan láréttra marka OCS flatarins er 4.777 (mynd 4)**


## Niðurstöður: Hindranir við VSS

Annar flötur sem horft var til er það sem á ensku er nefnt Visual Segment Surface, sem í þessari skýrslu er vísað í sem VSS flöturinn en hann hefur aðra eiginleika en OCS bæði hvað varðar lárétt og lóðrétt stefnu. VSS spannar stærra svæði og er jafnframt í lægri hæð en OCS. Af þessari ástæðu, voru bæði fleiri tré sem greind voru innan láréttra marka VSS flatarins eða 8.326 tré og fleiri tré greindust sem hindranir, þ.e. innan láréttra marka og fyrir ofan lóðrétt mörk hans eða 1.412 tré. Eingöngu tré sem voru hærri en 2,5 metra frá jörðu voru talin. (Mynd 7).




Mynd 7. Niðurstöður greiningar á trjám innan láréttra marka VSS út frá LiDAR punktaskýi, þar sem hver punktur tákna eitt tré.

Þegar horft var til skörunar á VSS fleti í Z hnitum (lóðréttu plani) komu í ljós 1.412 hindranir sem reyndust við yfirferð á loftmynd (RGB mynd) sem aflað var samhliða LiDAR gagnanna allar vera tré, sjá mynd 8. Hæsta tréð sem greindist mældist 12.9 metra yfir skilgreindum VSS fleti.



Mynd 8. Niðurstöður sem sýna tré sem mælast innan og fyrir ofan VSS flötinn, flokkað eftir hæð þeirra yfir VSS fletinum. Heildarfjöldi trjáa yfir fletinum eru 1.412



Mynd 9. Niðurstöður allra trjáa sem mældust 5 metrum neðan við VSS eða ofar en þó neðan við VSS, flokkað eftir fjarlægð þeirra frá VSS fletinum í lóðréttu plani.

166 tré mældust innan við 1 metra undir VSS fletinum út frá greiningu á LiDAR punktaskýinu og loftmynd (RGB mynd) renndi stoðum undir það að þarna væri um tré að ræða en ekki aðrar gerðir hindrana. Þessi hópur 166 trjáa innfelur ekki þau 1.412 tré sem áður voru greind fyrir ofan VSS, eins og fram kemur hér ofar og sýnd eru á mynd 8. 190 tré mældust 1 til 2 metra undir VSS fletinum. 221 tré mældust 2 til 3 metra undir VSS fletinum. 424 tré mældust 3 til 5 metra undir VSS fletinum. Tafla með staðsetningu þeirra trjáa í nálægð við VSS sem hér koma fram má finna í viðauka við þessa skýrslu. Sjá einnig samantekt í töflu 2 hér neðar.

Tafla 2. Samantekt niðurstaðna um tré yfir eða undir og nálægt VSS fletinum

VSS fleti	Fjöldi Trjáa
Yfir VSS	1.412
0-1m undir VSS	166
1-2m undir VSS	190
2-3m undir VSS	221
3-5m undir VSS	424

**Heildarfjöldi trjáa sem greinast innan láréttra marka VSS flatarins er 8.326 (mynd 7)**

## Hnitsetning og nákvæmni gagna

LiDAR punktaskýið er í hnitakerfinu EPSG 9951 (ISN91 / Lambert 1993 hnitakerfi og ISH2004 hæðarkerfi) og var hnitsett með notkun RTK (Real-Time Kinematic) leiðréttingu frá *Continuously Operating Base Station* (CORS) stöð ÍSMAR, staðsett í Reykjavík. Áætluð nákvæmni með þessari aðferð er u.p.b.  $\pm 2-3$  cm en endanleg nákvæmni er háð styrk tengingar við gervitungl þegar gagnaöflunarflug átti sér stað. Vert er að nefna að KP stig (KP Index), sem lýsir truflunum á segulsviði jarðar af völdum sólarvinda, var nokkuð hátt á degi gagnaöflunar eða upp á 7 og getur slíkt dregið úr nákvæmni gagna. Almennt er æskilegt að hafa lægra KP Index en aðrir stærri þættir eins og leyfismál vegna drónaflugs svo nálægt flugvelli og veður voru ráðandi þættir fyrir að framkvæma LiDAR skönnunina á þessum tiltekna degi.

Til að meta nákvæmni LiDAR punktaskýsins í hæð (z-hnit) voru 11 viðmiðunarpunktar mældir á sléttu yfirborði með GNSS-móttakara, með RTK-leiðréttingu frá CORS-grunnstöð í Reykjavík (ÍSMAR). Með því að reikna út muninn á þessum punktamælingum og LiDAR-punktaskýinu er mögulegt að meta skekkju í hæð punktanna. Meðalskekkjan reyndist vera 4 mm, sem bendir til óverulegrar hnattrænnar skekkju í gögnunum. Staðalfrávik (σ) var fundið vera 3,6 cm, sem sýnir nákvæmni innan væntinga. Að auki reyndist lágmarksmunurinn vera 5 cm og hámarksmunurinn 7,6 cm, sem bendir til þess að ekki sé um marktæk frávik að ræða, hvorki í GNSS-niðurstöðum né í punktaskýinu.

Í heildina er fjöldi flokkaðra trjáa almennt vanmetinn, sérstaklega fyrir heildarfjöldann innan svæða sem skilgreind eru bæði af VSS og OCS, sem og fyrir tré nálægt þessum yfirborðum. Með öðrum orðum að þá er líklegt að raunverulegur fjöldi trjáa sé hærri en áætlað var í greiningu Svarma og birt er í þessari skýrslu. Þetta vanmat stafar af því að minni tré (undir 2,5 metra) eru undanskilin flokkun og sum lítil tré greinast jafnvel ekki ef þau eru falin undir stærri trjám eða eru nálægt 2,5 metra hæðarmörkum. Auk þess geta tré sem standa mjög nálægt hvort öðru verið flokkuð sem eitt tré frekar en aðskildar einingar.

Aftur á móti má gera ráð fyrir því að fjöldi trjátoppa sem ná yfir hindranafleti séu ofmetnir og þar af leiðandi líklega að fjöldi trjátoppa í raun sem fara upp fyrir hindranafleti séu færri frekar en fleiri en það sem niðurstöður sýna. Þetta stafar af því að aðferð við greiningu þeirra var öðruvísi framkvæmd en sú greining sem var framkvæmd fyrir tré undir hindranafötum.



## Viðauki

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar OCS og ofan við lóðrétt mörk þess ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir OCS fletinum má finna í *241004\_isavia\_birk\_all\_trees\_over\_OCS.csv*

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar OCS og 5 metrum neðan við lóðrétt mörk OCS eða nær, ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir OCS fletinum má finna í *241004\_isavia\_trees\_within\_5m\_under\_OCS.csv*

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar VSS og ofan við lóðrétt mörk þess ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir VSS fletinum má finna í *241004\_isavia\_birk\_all\_trees\_over\_VSS.csv*

Niðurstöður yfir tré sem mælast innan lárétts flatar VSS og 5 metrum neðan við lóðrétt mörk OCS eða nær, ásamt staðsetningu þeirra í X, Y og Z hnitum og hæð yfir VSS fletinum má finna í *241004\_isavia\_trees\_within\_5m\_under\_VSS.csv*



2. desember 2024




# Hindranir við Aðflugs og Brottflugsfleti við flugbrautir 13/31 á

## BIRK

*Útgáfa AD*

Öskjuhlíð, Reykjavík

Tryggvi Stefánsson, Asra Salimi, Amir Hamedpour



Svarmi ehf.  
Hlíðasmári 8  
201 Kópavogur, Iceland  
+354 555 1338


Rev.	Dagsetning	Lýsingar á breytingum	Nafn
AB	2024/11/15	Title changed, Name of surfaces changed from Aðflugsflötur and Brottflugsflötur to Approach surface and Take-off Climb surface, both in text and in pictures. Obstacle limitation defined according to EASA (EU) REG 139/2014.	TS
AC	2024/11/19	Skýrsla þýdd yfir á íslensku	TS
AD	2024/12/02	Mynd á blaðsíðu 6 var merkt sem mynd 3 en mynd 3 er líka á blaðsíðu 5. Mynd á blaðsíðu 6 núna rétt merkt sem mynd 4	TS

## Efnisskrá

<b>Yfirlit</b>	<b>4</b>
<b>Aðferðarfræði</b>	<b>4</b>
<b>Niðurstöður: Hindranir á Aðflugsfleti</b>	<b>6</b>
<b>Niðurstöður: Hindranir á Brottflugsfleti</b>	<b>10</b>
<b>Landfræðileg vísun og nákvæmni gagna</b>	<b>13</b>
<b>Viðauki</b>	<b>15</b>

## Yfirlit

Markmið þessa verkefnis var að nýta ómannað loftfar (Uncrewed Aerial Vehicle, UAV) búið skynjara sem nemur ljósbylgjur (LiDAR) til að kortleggja skóglendi í Öskjuhlíð. Tilgangurinn var að greina og mæla hæð hindrana sem brjóta í bága við EASA (ESB) REGLUGERÐ 139/2014 um Aðflugs- og Brottflugsfleti. Þetta átti við um flugbraut 13/31 á Reykjavíkflugvelli (BIRK) (sjá mynd 1). Auk þess var verkefninu ætlað að greina og meta hindranir sem staðsettar eru innan við 5 metra undir þessum flugflötum.




Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir Brottflugsflöt og OSS-fleti við flugbraut 13/31 á BIRK. Græni fjölhyrningurinn sýnir svæðið sem var kortlagt með UAV LiDAR fyrir þetta verkefni og er gagnasettið sem notað var í þessari skýrslu til að ákvarða hindranir á Aðflugsflötum og Brottflugsflötum.


## Aðferðarfræði

Þann 4. október 2024, á milli kl. 11:00 og 13:00, var svæðið kortlagt með UAV LiDAR flugum sem náðu yfir um það bil 0,406 km<sup>2</sup>. Við þessa mælingu varð til 3D punktaský þar sem hver punktur var nákvæmlega staðsettur í rými með x, y og z hnitum. Punktaskýið var með meðal þéttleika um 1.674 punkta á hvern fermetra, sem jafngildir meðalfjarlægð milli punkta upp á um 2,5 cm. Þessi þéttleiki var nægjanlegur til að greina hindranir, flokka tré og mæla hæðir yfir eða undir Aðflugsflötum og Brottflugsflötum með sentímetra nákvæmni. Samtímis var tekið RGB myndrænt efni sem bætti enn frekar við greiningu hluta í punktaskýinu. Mynd 1 sýnir staðsetningu Aðflugsflatar og Brottflugsflatar í tengslum við

flugvöllinn ásamt svæðinu sem var skannað með UAV. Mynd 2 sýnir skóginn eins og hann var flokkaður af Svarma og mynd 3 sýnir hvernig fletirnir eru staðsettir í samhengi við 3D punktaskýið.




Mynd 2. 3D yfirlitspunktaský LiDAR (litað með RGB-gildum) þar sem appelsínuguli punkturinn táknar staðsetningu eins trés, flokkað af Svarma. Aðflugsflióturinn er sýndur í rauðu og Brottflugsflióturinn í grænu.



Mynd 3. Skjáskot af legu á 3D punktaskýi frá LiDAR ásamt Brottflugsfletit (grænn) og Aðflugsfletit (rauður).

Fletirnir skerast við yfirborð jarðar á ákveðnum stöðum, eins og mynd 4 sýnir. Þar má sjá hvar þeir fara í gegnum stafrænt yfirborðslikan (Digital Terrain Model, DTM), sem sýnir eingöngu yfirborð á jörðu þar sem mannvirki og gróður hafa verið fjarlægð.




Mynd 4. 3D yfirlit sem sýnir skurðpunkt stafræns landslagslíkans (DTM) og Brottflugsflatar (rauður) og Aðflugsflötur (blár).

Til að greina punktaskýið voru tré í punktaskýinu flokkuð sjálfvirkt, og hæð trjáanna, hæð yfir sjávarmáli, ásamt X og Y hnitum, skráð. Hæð hindrana miðað við Aðflugsflöt og Brottflugsflöt var reiknuð með því að draga flatahæðina (á X og Y hnitum trésins) frá hæð trésins (hæsta skráða punktinum á flokkaða trénu). Þetta gaf nákvæma áætlun á fjarlægð frá trjátoppi til flatarins. Hver punktur táknað topp trés eða hindrunar og inniheldur eiginleika fyrir staðsetningu, hæð trjátoppis yfir sjávarmáli, lóðrétta fjarlægð frá flötum (Aðflugsflöt og Brottflugsflöt), ásamt hæð trésins.

Auk þess voru hlutir innan 5 metra fjarlægðar neðan við hvern flöt greindir með því að draga hæðir Aðflugsflatar og Brottflugsflatar frá hæðum trjátoppa. punktar, sem hafa neikvæð hæðargildi miðað við fletina, tákna mögulegar framtíðar hindranir vegna vaxtar trjáa.


## Niðurstöður: Hindranir á Aðflugsfleti

Aðflugsflöturinn teygir sig austur frá flugbraut 13/31 á BIRK. Í upphafi var LiDAR punktaskýið flokkað til að staðsetja tré með X-, Y- og Z-hnitum með sentímetra nákvæmni. Alls voru 8.111 tré flokkuð innan áætlaðs svæðis Aðflugsflatar, þar sem einungis tré sem eru hærri en 2,5 metrar yfir jörðu voru skilgreind sem slík. Mynd 5 sýnir flokkuð tré innan þess svæðis sem Aðflugsflöturinn markar, þar sem X- og Y-hnit trjáa eru sýnd.




Mynd 5. Niðurstöður allra trjáa sem flokkuð voru innan þess svæðis sem Aðflugsflöturinn markar í LiDAR punktaskýinu. Hver punktur táknar eitt tré.

Alls voru 7.690 hindranir (tré sem skarast við flötinn) greindar í LiDAR punktaskýinu.. Hæsta tréð náði 36,1 metra yfir hæð Aðflugsflatarins.



Mynd 6. Staðsetning allra trjáa sem eru yfir Aðflugsfleti, þar sem hæð þeirra yfir flötinn er sýnd í skýringarmyndinni.





Mynd 7. Niðurstöður allra trjáa innan 5 metra fyrir neðan Aðflugsfliotinn, tré eru flokkuð í fjóra hópa þar sem fjarlægð þeirra frá fletinum er sýnd í skýringarmyndinni.

Alls voru 122 tré innan 1 metra fyrir neðan Aðflugsfliotinn flokkuð út frá LiDAR punktaskýninu. Þessi tré eru ekki talin með þeim sem þegar hafa verið skilgreind sem standa ofan við Aðflugsfliotinn (7.690 tré, lýst hér að ofan). Fyrir tré í 1 til 2 metra fjarlægð fyrir neðan Aðflugsfliotinn voru 117 tré flokkuð. Á bilinu 2 til 3 metrar fyrir neðan fundust 59 tré, og 82 tré voru staðsett á bilinu 3 til 5 metrar fyrir neðan Aðflugsfliotinn (töflur yfir hindranir yfir Aðflugsfleti má finna í viðauka). Samantekt á niðurstöðum er sýnd í töflu 1.


Tafla 1. Samantekt niðurstaða: Fjöldi trjáa yfir eða undir nálgunarfletinum

Aðflugsfliotur (EASA (EU) REG 139/2014)	Fjöldi trjáa
Yfir Aðflugsfleti	7690
0-1 m fyrir neðan Aðflugsfliot	122
1-2 m fyrir neðan Aðflugsfliot	117
2-3 m fyrir neðan Aðflugsfliot	59
3-5 m fyrir neðan Aðflugsfliot	82


**Heildarfjöldi trjáa sem flokkuð voru innan Aðflugsfliotar voru 8,111**

## Niðurstöður: Hindranir á Brottflugsfleti


Brottflugsflötur, hefur sömu stefnu og Aðflugsflötur en þekur minni svæði. Fjöldi trjáa sem standa upp úr Brottflugsfletinum eru 7.655 tré af alls 7.861 flokkuðum trjám innan þess svæðis sem Brottflugsflöturinn markar. Einungis tré sem eru hærri en 2,5 metrar yfir jörðu voru flokkuð sem tré (sjá mynd 8).



Mynd 8. Niðurstöður allra trjáa sem flokkuð voru innan þess svæðis sem Brottflugsflöturinn markar í LiDAR punktaskýinu. Hver blár punktur táknar eitt tré.



Mynd 9. Staðsetning og hæð allra trjáa yfir Brottflugsfleti, flokkaðar eftir hæð þeirra yfir fletinum..



Mynd 10. Niðurstöður allra trjáa sem eru fyrir neðan Brottflugsflötinn en nær en 5 metrar frá honum, flokkaðar í fjóra flokka eftir fjarlægð þeirra frá fletinum.

92 tré innan 1 metra fyrir neðan Brottflugsflötinn voru flokkuð með LiDAR punktaskýinu. Þessi tré eru ekki talin með þeim sem þegar hafa verið skilgreind sem standa upp úr Brottflugsfleti (7.655 tré, eins og lýst er hér að ofan). Fyrir tré í 1 til 2 metra fjarlægð fyrir neðan flötinn voru 37 tré flokkuð. 38 tré voru staðsett á bilinu 2 til 3 metrar fyrir neðan, og 25 tré voru á bilinu 3 til 5 metrar fyrir neðan Brottflugsflötinn (töflur yfir hindranir yfir Brottflugsfleti má finna í viðauka). Samantekt á niðurstöðum má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Samantekt niðurstaðna: Fjöldi trjáa yfir eða undir Brottflugsfleti

Brotflugsflötur <small>(EASA (EU) REG 139/2014)</small>	Fjöldi trjáa
Yfir Brottflugsfleti	7655
0-1 m undir Brottflugsfleti	92
1-2 m undir Brottflugsfleti	37
2-3 m undir Brottflugsfleti	38
3-5 m undir Brottflugsfleti	25

**Heildarfjöldi trjáa sem flokkuð voru innan Brottflugsflatar eru 7861**

## Landfræðileg vísun og nákvæmni gagna

LiDAR punktaskýið var landfræðilega staðsett í EPSG 9951 (ISN93 / Lambert 1993 hnitakerfi og ISH2004 hæðarkerfi). Notast var við RTK (Real-Time Kinematic) leiðréttinga frá grunnstöðvarkerfi (CORS) staðsettu í Reykjavík (ÍSMAR). Áætluð nákvæmni þessarar aðferðar er venjulega  $\pm 1-3$  cm, en er breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Athuga skal að KP vísitala (sem lýsir truflunum í segulsviði jarðar vegna sólvinds) var töluvert há þann sem mælingar voru framkvæmdar og náði allt að 7, sem gæti haft áhrif á nákvæmni gagnanna. Venjulega er lægri KP vísitala æskileg, en aðrir stærri þættir eins og flugleyfi og veðuraðstæður réðu því að LiDAR skönnunin var framkvæmd á þessum tiltekna degi.

Til að meta nákvæmni LiDAR gagnanna í hæð (z-hniti) voru 11 viðmiðunarpunktar mældir á sléttum flötum með GNSS-móttakara, með RTK leiðréttingu frá CORS grunnstöðinni í Reykjavík (ÍSMAR). Með því að bera saman þessar mælingar við LiDAR punktaskýið var hægt að meta skekkju í hæðarpunktum. Meðalskekkja var reiknuð 4 mm, sem bendir til óverulegar hliðrunar í gögnunum. Staðalfrávik ( $\sigma$ ) reyndist vera 3,6 cm, sem bendir til nákvæmni sé innan þess sem vænta má. Lágmarks munur var 5 cm og hámarks munur 7,6 cm, sem bendir til þess að engir verulegir gallar séu til staðar í GNSS-mælingunum eða punktaskýinu.

Heildarfjöldi flokkaðra trjáa er almennt vanmetinn. Líklegt er að raunverulegur fjöldi trjáa sé hærri en talið er í öllum framangreindum mati. Þetta vanmat stafar af því að minni tré (undir 2,5 metrum) eru útilokuð frá flokkun, og sum lítil tré séu ekki tekin með t.d ef þau eru falin undir stærri trjám eða falla nálægt 2,5 metra hæðarmörkum. Að auki geta tré sem eru mjög þétt nálægt hvert öðru verið flokkuð sem eitt tré í stað þess að vera greind sem aðskilin tré.

Athuga skal að önnur aðferð var notuð við mat á trjám yfir Aðflugs og Brottflugsflötum samanborið við aðferðir sem voru notaðar í fyrri skýrslu til að meta fjölda og staðsetningu trjáa yfir OCS og VSS.

## Viðauki

Tafla 3. Sýnir staðsetningu þeirra trjáa sem ná yfir Aðflugsflöt

Sjá í viðhengi csv skrá: "trees\_above\_adflugflotur.csv"

Table 4. Tré sem eru 5m undir eða nær Aðflugsfleti

#	X	Y	Z	z_diff
1	357488.7438	406027.008	15.6796999	-1.296325519
2	357491.4561	406021.5352	15.93879986	-1.137715674
3	357492.0554	406018.7124	15.1257	-1.988657334
4	357520.1323	406016.247	16.67230034	-0.9571580236
5	357512.1511	406015.4842	17.30360031	-0.1936189582
6	357496.6206	406013.6724	15.77009964	-1.472970638
7	357526.982	406013.1454	16.84460068	-0.9347518785
8	357496.5651	406012.0633	15.81089973	-1.446794087
9	357508.1404	406011.9834	17.11619949	-0.3447782636
10	357499.9241	406010.5425	17.32929993	-0.001899295731
11	357494.7568	406010.5092	15.96150017	-1.279619219
12	357535.3215	406002.0298	18.0095005	-0.02347799551
13	357524.9323	406001.4858	16.09469986	-1.761790995
14	357520.0884	406000.7275	17.72200012	-0.05709441958
15	357535.0752	405998.563	18.02319908	-0.03906681825
16	357512.046	405997.3063	15.6633997	-2.008149191
17	357506.5669	405991.5324	15.33860016	-2.29304836
18	357511.4883	405991.4653	17.15189934	-0.5664998387
19	357504.1754	405991.4211	15.90110016	-1.689787252
20	357509.4408	405989.6221	15.93879986	-1.761640572
21	357519.7837	405983.8474	17.54220009	-0.3951545212

22	357522.3542	405982.7202	16.50799942	-1.485251689
23	357521.2865	405980.8569	16.64089966	-1.3517297
24	357523.143	405979.964	17.74869919	-0.2850625549
25	357516.761	405979.6524	16.14489937	-1.780229037
26	357517.3785	405977.2642	16.61599922	-1.343076883
27	357513.8463	405976.8964	16.0265007	-1.87434371
28	357515.9304	405973.4084	17.12730026	-0.843810722
29	357530.6354	405969.2079	16.91810036	-1.350983179
30	357550.2086	405965.4461	16.55920029	-2.088775208
31	357526.9069	405964.4289	16.29739952	-1.952768483
32	357539.8215	405962.9259	18.17880058	-0.3118767631
33	357535.9244	405962.7971	16.79529953	-1.62844434
34	357539.5804	405960.5693	18.1977005	-0.3115954453
35	357531.0495	405957.6454	16.0890007	-2.299384203
36	357538.013	405957.147	17.7220993	-0.7929436423
37	357532.5509	405956.4274	16.32010078	-2.10635515
38	357541.7333	405955.1722	18.06949997	-0.529767302
39	357545.7682	405951.027	17.70800018	-1.002030266
40	357542.633	405924.4694	18.46629906	-0.4462616795
41	357558.1884	405923.4844	17.87940025	-1.314848744
42	357544.0234	405922.9635	18.27359962	-0.6778804354
43	357538.3204	405922.4809	18.66559982	-0.1907817092
44	357542.2076	405920.8609	18.13949966	-0.8005894739
45	357534.9634	405920.3093	16.65769958	-2.160997822
46	357540.1173	405919.2872	17.79000092	-1.128769366
47	357404.086	405919.1667	16.4333992	-0.1066620729
48	357537.7655	405918.279	18.36730003	-0.5200959122



49	357408.5883	405915.34	16.19070053	-0.4652165376
50	357564.7723	405913.4859	18.51980019	-0.8865344812
51	357406.5615	405912.0277	15.95160007	-0.7009590947
52	357562.906	405911.6204	19.0557003	-0.3360605881
53	357565.9759	405911.3667	19.10470009	-0.3432279716
54	357410.9935	405910.4818	14.96319962	-1.781878306
55	357562.8658	405909.1583	19.03199959	-0.3829201407
56	357568.1252	405908.6044	18.67840004	-0.8339024798
57	357567.658	405906.6884	19.3635006	-0.15919599
58	357568.6655	405903.5136	18.44389915	-1.12719158
59	357411.4078	405902.2987	16.45369911	-0.3779335545
60	357552.5937	405901.8832	19.01659966	-0.2891159081
61	357567.0452	405900.9267	17.79780006	-1.770014687
62	357519.7274	405900.3818	17.97570038	-0.769568083
63	357555.0434	405900.2639	19.26950073	-0.09476400828
64	357405.5997	405900.2174	16.17149925	-0.5786898352
65	357570.962	405899.9211	19.61310005	-0.03298441706
66	357573.4026	405899.1537	19.44549942	-0.2507219604
67	357569.3893	405899.0684	18.5557003	-1.071133087
68	357411.2926	405897.8181	16.4307003	-0.4423390934
69	357571.0206	405894.5844	17.23670006	-2.462129232
70	357554.407	405893.688	17.95439911	-1.462461753
71	357556.2065	405891.4033	18.35700035	-1.113485485
72	357569.8085	405890.9133	16.15010071	-3.563101786
73	357414.5961	405890.6745	16.28890038	-0.7111654969
74	357552.0537	405888.7479	17.35110092	-2.072466242
75	357554.8244	405888.7418	17.91710091	-1.554998119

76	357572.4611	405888.2849	18.18330002	-1.601781534
77	357577.7862	405880.2277	19.1243	-0.8320306205
78	357464.5858	405877.2402	16.40209961	-1.602736037
79	357483.169	405877.2395	17.06719971	-1.262757519
80	357451.9182	405876.9917	16.21699905	-1.568625221
81	357460.8516	405877.0052	16.15399933	-1.787784585
82	357479.5194	405876.9938	17.11619949	-1.152288522
83	357488.205	405876.8674	16.68580055	-1.735867175
84	357474.1742	405876.7	16.63339996	-1.5444214
15 August 2023 –Identifying obstructions to runway 31 OCS and VSS at BIRK using UAV LiDAR --  
Svarmi ehf.

1080	357769.1	405861.8	51.093	46.42337	-4.66963
1084	357715.8	405861.4	47.144	43.71859	-3.42541
1092	357824.8	405861	54.574	49.27991	-5.29409
1101	357718.6	405860	48.395	43.89944	-4.49556
1102	357778.5	405859.8	51.849	46.95937	-4.88963
1108	357750.5	405859.6	51.025	45.53599	-5.48901
1109	357755.5	405859.4	49.472	45.7987	-3.6733
1110	357819.4	405859.6	53.117	49.04589	-4.07111
1152	357764.1	405856.3	50.714	46.32357	-4.39043
1176	357767.6	405854	52.428	46.56542	-5.86258
1182	357735.2	405853.7	48.195	44.92596	-3.26904
1188	357756.8	405853.2	49.974	46.0396	-3.9344
1189	357818.6	405853.3	53.678	49.18129	-4.49671
1197	357831.4	405852.9	54.504	49.8481	-4.6559
1198	357834.9	405852.9	54.646	50.02232	-4.62368
1209	357755.1	405852.5	49.091	45.97138	-3.11962
1216	357752.8	405852.1	49.052	45.86698	-3.18502
1224	357761.8	405851.7	52.089	46.3364	-5.7526
1246	357767.9	405849.8	50.437	46.703	-3.734
1254	357832.3	405849.3	55.797	49.99282	-5.80418
1255	357861	405849.4	56.02	51.45353	-4.56647
1283	357827.9	405847.5	55.088	49.81562	-5.27238
1292	357699.9	405846.7	47.854	43.32374	-4.53026
1307	357729.1	405845.9	49.627	44.83385	-4.79315
1328	357757.2	405844.9	49.853	46.29387	-3.55913
1329	357829	405844.7	54.982	49.95561	-5.02639
1348	357773.9	405843.6	51.351	47.18061	-4.17039
1356	357698.3	405842.8	46.796	43.35729	-3.43871
1358	357768.3	405842.8	52.881	46.91923	-5.96177
1364	357758.7	405842.4	49.715	46.44322	-3.27178
1366	357808.4	405842.5	54.901	48.97038	-5.93062
1387	357839.2	405841.2	56.174	50.57093	-5.60307
1402	357768.7	405840	51.479	47.0185	-4.4605
1411	357770.8	405839.3	51.665	47.14653	-4.51847
1431	357760.6	405838.1	50.985	46.65971	-4.32529
1432	357762.9	405838.1	51.516	46.77284	-4.74316
1452	357750.1	405837	50.85	46.15366	-4.69634
1453	357775.3	405836.9	50.74	47.43929	-3.30071
1468	357754	405835.7	50.169	46.39137	-3.77763
1469	357769.2	405835.7	50.94	47.16145	-3.77855
1473	357828.7	405835	54.306	50.21002	-4.09598
1479	357759.8	405834.5	49.941	46.71535	-3.22565
1508	357808.1	405833.1	53.02	49.22001	-3.79999
1525	357824	405832.3	53.552	50.0494	-3.5026
1583	357782.1	405828.4	51.167	48.02384	-3.14316

15 August 2023 –Identifying obstructions to runway 31 OCS and VSS at BIRK using UAV LiDAR --  
Svarmi ehf.

1585	357711.1	405828	47.484	44.42455	-3.05945
1821	357755.9	405813.2	50.339	47.12104	-3.21796
1842	357771.4	405812	51.019	47.94247	-3.07653

Table 6. Results of obstructions found within 6m to 9m above VSS in the LiDAR pointcloud. Easting/Northing coordinates are in ISN93 / Lambert 1993. All objects listed here appear to be trees.

ID	Easting m	Northing m	Elevation m, ISH2004	VSS_Height m ISH2004	h_6m to 9m_above_VSS m
86	357613.9	405979.3	41.296	35.21022	-6.08578
145	357653.6	405964.5	43.797	37.64823	-6.14877
189	357655.9	405958	44.129	37.95244	-6.17656
197	357657.5	405956.4	44.543	38.07898	-6.46402
218	357673.8	405952.5	45.334	39.01609	-6.31791
239	357682.7	405948.9	45.951	39.57033	-6.38067
240	357688.6	405949	46.046	39.86671	-6.17929
249	357687.4	405947.1	46.011	39.86312	-6.14788
250	357693.7	405947	46.384	40.18664	-6.19736
256	357696.8	405946.3	46.71	40.35767	-6.35233
267	357697.2	405944	47.037	40.44681	-6.59019
272	357707.2	405943.5	47.727	40.96995	-6.75705
273	357693.3	405943.2	48.179	40.27082	-7.90818
282	357686.6	405942	46.286	39.96358	-6.32242
283	357711.6	405941.9	49.338	41.23902	-8.09898
287	357701	405941.5	48.239	40.71183	-7.52717
302	357706.2	405939.2	48.767	41.04022	-7.72678
308	357719.7	405938.4	49.52	41.75112	-7.76888
311	357701.8	405938.1	47.407	40.84583	-6.56117
318	357704.6	405937.2	49.296	41.01373	-8.28227
319	357712.3	405937.3	50.251	41.40542	-8.84558
321	357717	405936.5	50.61	41.66467	-8.94533
326	357706.9	405934.9	49.988	41.19308	-8.79492
334	357678.5	405933.4	46.047	39.79361	-6.25339
363	357721.3	405928.6	48.462	42.10365	-6.35835
368	357699.4	405928.3	47.065	41.00238	-6.06262
369	357705.2	405928.3	47.579	41.29903	-6.27997
376	357677	405927.5	46.333	39.88352	-6.44948
382	357728.6	405927.1	49.818	42.52262	-7.29538
383	357746.2	405927.1	52.353	43.41855	-8.93445
397	357725.2	405925.6	49.036	42.39322	-6.64278
401	357694	405924.8	46.871	40.82613	-6.04487
414	357702.6	405923.4	48.416	41.30477	-7.11123
416	357721.8	405922.8	49.514	42.29256	-7.22144
421	357716.2	405922.5	49.115	42.02244	-7.09256

15 August 2023 –Identifying obstructions to runway 31 OCS and VSS at BIRK using UAV LiDAR --  
Svarmi ehf.

422	357727.5	405922.5	49.547	42.59371	-6.95329
431	357691.6	405921	47.413	40.81105	-6.60195
432	357729.9	405920.9	50.631	42.76352	-7.86748
440	357660.2	405919.5	46.372	39.2549	-7.1171
443	357683.6	405919	46.688	40.45508	-6.23292
444	357714.3	405919	49.993	42.01786	-7.97514
448	357706.5	405918.6	48.775	41.63717	-7.13783
460	357717.4	405917.1	49.154	42.23316	-6.92084
492	357746.6	405913.9	51.709	43.80949	-7.89951
504	357690.9	405912.5	49.029	41.01636	-8.01264
512	357750	405912	53.015	44.03498	-8.98002
532	357747.7	405909.7	52.042	43.98526	-8.05674
533	357769.6	405909.7	51.66	45.09639	-6.56361
536	357743.4	405909.4	50.152	43.77623	-6.37577
540	357681.5	405909	47.182	40.63649	-6.54551
541	357684.7	405908.9	47.655	40.79825	-6.85675
543	357762.6	405908.5	52.355	44.77501	-7.57999
550	357754	405907.7	51.774	44.35978	-7.41422
552	357769.9	405907.3	52.522	45.18439	-7.33761
566	357745.8	405905.8	51.561	43.99335	-7.56765
567	357759.1	405905.8	52.837	44.67294	-8.16406
581	357748.9	405904.6	52.382	44.18893	-8.19307
605	357754.7	405901.5	53.146	44.57268	-8.57332
608	357752.4	405900.7	52.792	44.47815	-8.31385
611	357739.2	405900.2	50.003	43.81774	-6.18526
622	357742.2	405899.6	51.057	43.98991	-7.06709
641	357765.3	405897.2	51.659	45.23345	-6.42555
647	357752.8	405896.9	53.413	44.60446	-8.80854
654	357757.1	405896	51.252	44.84985	-6.40215
655	357824.2	405896	54.373	48.26188	-6.11112
662	357763.3	405895.3	52.234	45.1815	-7.0525
670	357820.5	405894.5	54.866	48.11694	-6.74906
680	357834.6	405894.1	57.521	48.84739	-8.67361
682	357759.7	405893.6	51.836	45.04984	-6.78616
699	357815.7	405892.4	56.4	47.93292	-8.46708
715	357757.9	405891.4	53.53	45.01907	-8.51093
719	357804.9	405891	53.6	47.42542	-6.17458
732	357753.2	405889.8	52.968	44.82745	-8.14055
736	357748.9	405889.4	51.744	44.61983	-7.12417
746	357833	405888.3	55.982	48.92939	-7.05261
757	357807.7	405887.4	54.314	47.66545	-6.64855
765	357838	405887.1	55.666	49.21378	-6.45222
776	357827.1	405886.3	55.931	48.68401	-7.24699
781	357756.8	405885.9	51.294	45.11666	-6.17734
783	357810.4	405885.9	55.605	47.84658	-7.75842



15 August 2023 –Identifying obstructions to runway 31 OCS and VSS at BIRK using UAV LiDAR --  
Svarmi ehf.


784	357818.6	405885.8	55.039	48.2654	-6.7736
789	357815	405885.6	56.295	48.09032	-8.20468
802	357808.4	405884.6	55.4	47.78254	-7.61746
810	357815.9	405883.9	57.033	48.1815	-8.8515
811	357836.1	405883.9	57.432	49.20979	-8.22221
823	357822.8	405882.4	54.858	48.57756	-6.28044
828	357812.3	405882.1	55.864	48.05152	-7.81248
829	357833	405882	55.588	49.10157	-6.48643
848	357748.9	405880.5	52.155	44.86415	-7.29085
856	357815.8	405880.2	55.064	48.28323	-6.78077
857	357841.1	405880.1	57.081	49.57394	-7.50706
859	357823.6	405879.8	55.051	48.69297	-6.35803
865	357811.6	405879.2	55.117	48.09366	-7.02334
883	357829.5	405877.8	55.565	49.04712	-6.51788
891	357840.8	405877	56.54	49.64349	-6.89651
913	357809.3	405875.5	54.242	48.08225	-6.15975
915	357881.2	405875.5	57.787	51.74372	-6.04328
922	357829.1	405875.1	56.047	49.0989	-6.9481
946	357830.2	405872.8	56.136	49.22621	-6.90979
962	357754.7	405870.9	51.622	45.43389	-6.18811
975	357818.1	405870	54.862	48.68521	-6.17679
982	357831.1	405869.6	55.533	49.35571	-6.17729
998	357767.6	405868.5	52.409	46.15565	-6.25335
1009	357754	405867.7	51.767	45.48703	-6.27997
1010	357814.3	405867.7	57.496	48.55405	-8.94195
1016	357756.4	405866.8	51.921	45.63597	-6.28503
1020	357820.2	405866.6	57.676	48.89188	-8.78412
1025	357765.7	405866.1	53.135	46.12912	-7.00588
1030	357760.2	405865.7	52.193	45.86155	-6.33145
1034	357768.8	405865.4	53.527	46.30524	-7.22176
1045	357823.7	405864.1	56.562	49.13769	-7.42431
1054	357816.3	405863.4	55.669	48.77958	-6.88942
1076	357764.5	405862.2	53.351	46.17794	-7.17306
1098	357763	405860.2	52.605	46.15512	-6.44988
1199	357840.4	405852.9	58.156	50.30484	-7.85116



# SVARMI

SUSTAINABLE | AERIAL | INTELLIGENCE

CONFIDENTIAL AND PROPRIETARY. © SVARMI EHF. ALL RIGHTS RESERVED.



# Hindranafletir í Öskjuhlíð

## Mælingar og úttekt á gróðri

- Tvær mælingar farið fram
  - Fyrri mæling 3.apríl 2022
  - Seinni mæling 4.október 2024
- Greining á nálægð gróðurs við við hindranafleti Reykjavíkurflugvallar
- Unnið fyrir Isavia Innanlands, af:

Tryggvi Stefánsson & Asra Salimi  
**Svarmi ehf.**




---

# Gagnaöflun

## Aðferðafræði

- **Dróni** með áföstum **LiDAR** notaður til að skanna svæðið
  - LiDAR - Light Detection And Ranging, leiser skanni
  - Nær toppi trjáa sem og jörð undir trjám og allt þar á milli
- **Myndavél** á dróna notuð til að
  - Lita punkaský
  - Búa til upprétta loftmynd




# Eiginleikar gagna

## Nákvæmni og aðferðafræði

- **Centimetra nákvæmni** á punktaskýi
  - Gögn frá Svarma hafa verið tekin út af Landmælingum Íslands
- **Þekkt aðferð** við að greina tré úr punktaskýi
  - Úttekt verið gerð á eldri gögnum og greiningum Svarma í samstarfi við Skógræktina
- Tré merkt út frá formi og lögun
  - Heilt yfir **vanmat** á fjölda trjáa
  - Eingöngu tré **yfir 2.5m** talin með
  - Mjög **þétt vaxin tré** geta talist sem eitt tré

Stærð svæðis sem var skannað	0.4 [km <sup>2</sup> ]
Fjöldi skannaðra punkta	706 [milljónir]
Meðal þéttleiki punkta	1,674 [pkt/m <sup>2</sup> ]



---


# Samanburður gagna

Trjáfelling út frá fyrri greiningu




◆ Tré merkt yfir OCS á gögnum frá 3.apríl 2022  
Loftmynd, Svarmi. Frá 4.október 2024


# Hindranafötur - Aðflugs og Brottflugsfötur



# Hindranafiötur - Aðflugs og Brottflygsfiötur




Hindranafiötur - Aðflug



Yfirborðslíkan (DTM) enginn gróður


Hindranafiötur - Brottflyg

Yfirborðslíkan (DTM) enginn gróður






# Hindranafötur - Aðflugsfötur



Heildarfjöldi trjáa:  
**8,111**

Aðflugsfötur (EASA (EU) REG 139/2014)	Fjöldi trjáa
Yfir Aðflugsfleti	7690
0-1 m fyrir neðan Aðflugsföt	122
1-2 m fyrir neðan Aðflugsföt	117
2-3 m fyrir neðan Aðflugsföt	59
3-5 m fyrir neðan Aðflugsföt	82


# Hindranafötur - Aðflugsfötur



Heildarfjöldi trjáa:  
**8,111**

Aðflugsfötur (EASA (EU) REG 139/2014)	Fjöldi trjáa
Yfir Aðflugsfleti	7690
0-1 m fyrir neðan Aðflugsföt	122
1-2 m fyrir neðan Aðflugsföt	117
2-3 m fyrir neðan Aðflugsföt	59
3-5 m fyrir neðan Aðflugsföt	82


# Hindranafötur - Aðflugsfötur



Heildarfjöldi trjáa:  
**8,111**

Aðflugsfötur (EASA (EU) REG 139/2014)	Fjöldi trjáa
Yfir Aðflugsfleti	7690
0-1 m fyrir neðan Aðflugsföt	122
1-2 m fyrir neðan Aðflugsföt	117
2-3 m fyrir neðan Aðflugsföt	59
3-5 m fyrir neðan Aðflugsföt	82


# Hindranafloetur - Brottflugsfloetur



Heildarfjöldi trjáa:  
**7,861**

Brottflygsfloetur (EASA (EU) REG 139/2014)	Fjöldi trjáa
Yfir Brottflygsfleti	7655
0-1 m undir Brottflygsfleti	92
1-2 m undir Brottflygsfleti	37
2-3 m undir Brottflygsfleti	38
3-5 m undir Brottflygsfleti	25


# Hindranafötur - Brottflugsfötur



Heildarfjöldi trjáa:  
**7,861**

Brottflugsfötur (EASA (EU) REG 139/2014)	Fjöldi trjáa
Yfir Brottflugsfleti	7655
0-1 m undir Brottflugsfleti	92
1-2 m undir Brottflugsfleti	37
2-3 m undir Brottflugsfleti	38
3-5 m undir Brottflugsfleti	25

# Hindranafötur - Brottflugsfötur



Heildarfjöldi trjáa:  
**7,861**



Brottflugsfötur (EASA (EU) REG 139/2014)	Fjöldi trjáa
Yfir Brottflugsfleti	7655
0-1 m undir Brottflugsfleti	92
1-2 m undir Brottflugsfleti	37
2-3 m undir Brottflugsfleti	38
3-5 m undir Brottflugsfleti	25

# Vöxtur trjáa

Mat út frá samanburði mælinga



- Fyrri mæling 3.apríl 2022
- Seinni mæling 4.október 2024

<b>Meðalvöxtur</b>	<b>0.91 [m]</b>
Mesti vöxtur	2.18 [m]
Minnsti vöxtur	0.1 [m]
Staðalfrávik	0.48 [m]



---

# VSS og OCS m.v. 4.45° aðflugshorn








# VSS - miðað við 4.45° aðflugshalla

Heildarfjöldi trjáa:  
**8,326**

VSS Aðflugsflötur	Number of trees
Over VSS	1412
0-1m under VSS	166
1-2m under VSS	190
2-3m under VSS	221
3-5m under VSS	424




# VSS - miðað við $4.45^\circ$ aðflugshalla





# OCS - miðað við $4.45^\circ$ aðflugshalla

Heildarfjöldi trjáa:  
**4,777**

OCS Aðflugsflötur	Number of trees
Over OCS	23
0-1m under OCS	53
1-2m under OCS	71
2-3m under OCS	102
3-5m under OCS	165



# OCS - miðað við $4.45^\circ$ aðflugshalla





S V A R M I

[www.svarmi.com](http://www.svarmi.com)

Tryggvi Stefánsson  
tryggvi@svarmi.com

Adfi: X: 357,231.630, Y: 406,123.934, Z: 11.490

Brottfli: X: 357,295.723, Y: 406,110.583, Z: 11.400

Adfi: X: 357,158.947, Y: 405,997.725, Z: 11.490

Brottfli: X: 357,208.506, Y: 405,953.130, Z: 11.400

Adfi: X: 358,179.073, Y: 405,775.587, Z: 31.490

Brottfli: X: 358,170.308, Y: 405,759.763, Z: 30.100

Brottfli: X: 357,969.800, Y: 405,397.803, Z: 30.100

Adfi: X: 357,961.028, Y: 405,381.968, Z: 31.490

-  Aðflugsflötur
  -  Aðflugsflötur Hnit
  -  Brottflygsflötur
  -  Brottflygsflötur Hnit
- Bing Aerial

Hnitakerfi: ISN 93 + ISH04 (EPSG 9951)



## TIL REYKJAVÍKURBORGAR BORGARSTJÓRI

29.08.2023

HÖFUNDUR VJB, BH

YFIRLESID KA, SBJ

### ÓSK UM GÖGN

Sæll Dagur

Takk fyrir tölvupóstinn dags. 18. júlí sl.

Isavia Innanlandsflugvöllur vilja byrja á að ítreka vilja sinn og áhuga á því að finna farsæla lausn varðandi flugöryggi á Reykjavíkflugvelli. Við viljum því bjóða fulltrúum borgarinnar til fundar við fyrsta hentugleika til að ræða öryggismál og fleira. Öskjuhlíðin er einstakt svæði sem starfsmönnum Isavia Innanlands og forvera þess er annt um og viljum við skoða mögulegar lausnir til að leysa það mál farsællega en einnig að nota tækifærið til að ræða önnur mál sem snúa að flugvöllinum.

Hjálögð eru umbeðin gögn skv. tölvupósti frá þér þann 18.júlí sl.

Fyrst af öllu myndum við vilja benda á að með nýjum lögum um loftferðir nr. 80/2022 þá hafa skyldur sveitarfélaga vegna hindrana í nágrenni flugvalla verið skýrðar sbr. 145. -150. gr. laganna.

Hér er yfirlit yfir þær sérstöku aðstæður sem flugvöllurinn býr við og þær mildunarráðstafanir sem eru í gildi vegna þeirra. Meðfylgjandi er svo skýrsla Svama um hæðarmælingar og frekari skilgreining á þeim tveimur flötum sem þarf að taka tillit til varðandi aðflug að braut 31.

Síðan er vottunarskírteini og önnur gögn í tengslum við endurvottun flugvallarins árið 2017. Í vottunargögnum er aðstæðum og hindrunum í kringum flugvöllinn lýst.

Reykjavíkflugvöllur er með frávik vegna skorts á aðflugsljósum á braut 13. 31 og 01. Aðflugsljós að braut 13 eru á gildandi deiliskipulagi Starhaga - Þormóðsstaðavegur samþ. dags. 22. desember 2016, og við munum sækja um framkvæmdaleyfi fyrir braut 13 á næstu mánuðum. Ljósín eru á hönnunarstigi og munu taka mið af umhverfi og sögu strandlengjunnar.

Takmarkanir eru jafnframt á aðflugs og brottflugsferlum yfir miðbæinn að braut 19 og vegna hæð trjáa í Öskjuhlíð að braut 31.

Flugöryggistofnun Evrópu EASA gerði sérstaka úttekt á Reykjavíkurlugvelli árið 2022.

Alls komu níu frávik út úr þeirri úttekt sem við höfum sett í viðeigandi úrbótaferli gagnvart Samgöngustofu og er því ferli að mestu lokið. Frávikin snerust flest um aðstæður eða merkingar á flugvallarsvæðinu.

**Hvað varðar loftrýmið í kringum flugvöllinn og borgina þá eru samkvæmt starfsleyfi flugvallarins hjá HER eftirfarandi takmarkanir í gildi þar:**

#### Almennar takmarkanir

1. Talstöð skal vera með tíðni flugturns/flugradíós;
2. Öll umferð loftfara með massa hærrí en fram kemur í tegundaskírteini er stranglega bönnuð;
3. Eftirfarandi æfingar eru bannaðar:
  - a. Æfingar með skerta flughæfni, svo sem æfingar þar sem hermt er eftir hreyfilbilun við flugtak og landingar;
  - b. Marklendingar;
  - c. Snertilendingar fjölhreyfla loftfara.
  - d. Snertilendingar loftfara með vélastærð 220 hest-öfl eða meira.
4. Snertilendingar eins hreyfils loftfara eru leyfðar:
  - a. Mánudaga - föstudaga 09:00 - 17:00
  - b. Á almennum frídögum, að vetri, 1. september til 1. maí milli 11:00 og 16:00.
  - c. Snertilendingar eru ekki leyfðar á sérstökum frídögum (þ.m.t. stórhátíðardögum).
  - d. Flugumferðarstjórar í flugturni hafa ávallt heimild til að takmarka snertilendingar.

#### Næturtakmarkanir

Umferð um völlinn sem leyfð er:

1. Sjúkra- og neyðarflug
2. Flug Landhelgisgæslu Íslands
3. Millilandaflug sem notar flugvöllinn sem varaflugvöll
4. Landingar áætluarflugs sem hefur orðið fyrir ófyrirséðum töfum
5. Flug vegna manúðarmála

#### Takmarkanir kennslu- og æfingaflugs

Til að viðhalda öryggi getur flugumferðarstjórn þurft að draga úr álagi án fyrirvara með því að takmarka þjálfunarflug.



### Flugaðferðir til hávaðamildunar

1. Eftirfarandi loftförum er óheimilt að nota flugvöllinn:
  - a. Allar þotur sem ekki uppfylla kröfum fyrir stig 3, í samræmi við ICAO Viðauka 16, bindi 1, kafla 3;
  - b. Skrúfuloftför með hámarksflugtaks massa meiri en 5700 kg sem ekki hafa hávaðavottorð eða sem uppfylla ekki skilyrði, í samræmi við ICAO Viðauka 16, bindi 1, kafla 3, 5, 6 eða 10.
2. Aðflug neðan PAPI-aðflugsgeisla innan 2.5 DME eru óheimil.
3. Flugmenn eins hreyfils loftfara með skiptiskrúfu skulu leitast við eins og við verður komist að minnka hávaða við flug í nágrenni flugvallarins.
4. Uppkeyrslur, eftir viðhald, skulu eingöngu framkvæmdar á eftirtöldum tímabilum: Mánudaga - föstudaga 0800 - 2200 Helgar og almennir frídagar 1000 - 1800. Slíkar prófanir og uppkeyrslur eru takmarkaðar eins og unnt er á almennum frídögum. Samgöngustofa mun leyfa prófanir frá kl. 7:45 á virkum dögum ef brýna nauðsyn ber til.
5. Slökkva verður á aukaafstöð (APU) um leið og vararafmagn fæst. Notkun á aukaafstöð, í meira en 20 mínútur fyrir flugtak eða eftir landingu, er bönnuð.
6. Braut 01:
  - a. Öll loftför skulu leitast við að ná sem mestri hæð yfir brottfararenda miðað við venjulegar flugtaks- aðferðir. Umferð í vinstri umferðarhring skal fljúga hefðbundinn umferðarhring. Umferð sem ætlar að taka hægri beygju skal klifra í 1000 fet á brautarstefnu, eða út fyrir Reykjavíkurhöfn (Olíutanka í Örfyrisey) áður en sett er á stefnu;
  - b. Eins hreyfils loftför skulu haga flugtaki sínu þannig að þau leitist við að fara yfir brottfararenda í 400 ft MSL eða hærra;

#### Braut 19



- a. Eftir flugtak á braut 19 skulu einshreyfils loftför í sjónflugi beygja til hægri á stefnu 240° (ekki skal beygja fyrr en eftir skýli 3) til að forðast að fljúga yfir Kársnes, halda skal þessari stefnu þar til í 1000 ft MSL. Undanþágur eru einungis veittar þegar þess er þörf í öryggisskyni. Umferð í landingaræfingum klifri á 240° í 500 fet MSL áður en beygt er á hefðbundinn umferðarhring (Cross Wind).
2. Braut 31:
    - a. Ef taka á hægri beygju eftir flugtak á braut 31 skal brautarstefnu haldið í 800 ft MSL áður en beygt er.

## Trjágróður hefur áhrif á aðflugsferla fyrir tvær flugbrautir

### Flugbraut 31:

Vegna trjágróðurs í Öskjuhlíð er ekki hægt að gefa út hefðbundið aðflugskort. Í gildi er svokallað hringaðflug sem hefur hærri aðflugslágmörk sem getur leitt til þess að ekki er hægt að lenda vegna skýjahæðar sem annars væri hægt ef útgefið væri RNP( Required Navigation Performance) aðflug. Aðflugshalli að braut 31 var hækkaður í 4.45° fyrir c.a. 12 árum vegna trjágróðurs sem fer upp úr svokölluðum VSS fleti. Engar hindranir mega skera VSS flöt nema að undangengnu áhættumati sem er í vinnslu. Mögulegar mildunaraðgerðir í framhaldi af slíkri rannsókn geta verið að fjarlægja/lækka hindranir, hækka aðflugshorn og/eða færa þröskuld. Ekki er hægt að færa þröskuld eða hækka aðflugshorn umfram það sem nú þegar hefur verið gert. Eina mögulega mildunarráðstöfunin sem eftir stendur er að fjarlægja hindranir eða lengja flugbraut til vesturs. Árið 2017 voru felld um 130 tré og 2020 um 10 tré. Vegna þessara hindrana hefur þröskuldur á flugbrautinni verið færður tvisvar sinnum og brautin stytt sem því nemur sem takmarkar enn frekar afkastagetu hennar,

Árið 2018 kynnti ICAO (Alþjóða flugmálastofnunin) til sögunnar nýjar reglur um hindranaflöt, OCS flöt, sem er þrengri og með brattari halla en VSS flöturinn. Það eru því minni líkur á að hindranir fari upp úr þessum fleti og hann á aðeins að skoða ef hindranir upp úr VSS fleti eru leyfðar. OCS flötur skal vera alveg laus við hindranir. Við síðustu endurskoðun aðflugsins að braut 31 kom í ljós að nokkur fjöldi trjáa stendur upp úr OCS fletinum og því þurfti að fjarlægja aðflugslágmörk sem miða við aðflug beint af braut. Þar sem trjágróður í Öskjuhlíð fer upp í þennan flöt er ekki hægt að birta aðflug beint að braut 31 í Reykjavík. Í stað aðflugs beint að braut er birt sk. hringaðflug sem er notað fyrir brautir þar sem skilyrði fyrir aðflugi beint að braut eru ekki uppfyllt t.d. vegna hás aðflugshorns o.fl.



Skýringarmynd vegna flugbrautar 31

### Flugbraut 19:

Nú eru engar takmarkanir í gildi vegna trjágróðurs og bygginga í Þingholtum en fylgjast þarf reglulega með og lækka trjágróður í Hljómskálagarði til að koma í veg fyrir áhrif á aðflugsferil að braut 19. Við endurskoðun aðfluga 2014/2015 kom í ljós að trjágróður og byggingar í Hljómskálagarði og Þingholtum fóru upp úr VSS flötum fyrir braut 19.

Reykjavíkurborg brást fljótt og vel við og lækkaði trjágróður í Hljómskálagarðinum þar sem þær hindranir eru beint undir miðlínu flugbrautarinnar og ekki ásættanlegt að hindranir skeri flötinn á þeim stað. Framkvæmt var áhættumat vegna hindrana í Þingholtum og voru þær metnar ásættanlegar þar sem þær voru flestar á ytri jaðri flatarins.

Þessir fletir voru síðast skoðaðir 2020 og kom þá í ljós að 5 tré í Hljómskálagarði skáru VSS flötin. Reykjavíkurborg brást aftur skjótt við og lækkaði þessi tré. Við þessa skoðun kom einnig í ljós að trjágróður við Hringbraut var byrjaður að skera flötinn en ekki var talin ástæða til aðgerða vegna hans að svo stöddu þar sem hann er fjær miðlínu og ekki á eins viðkvæmu svæði og trjágróðurinn í Hljómskálagarðinum.

Þar sem þetta er þriðja sumarið frá síðustu hágrisjun á gróðri í Hljómskálagarðinum er kominn tími til að kanna aftur stöðuna.

Við höfum hér leitast við að svara spurningum og beiðni um ákveðin gögn svo umræðan sé sem faglegust og best. Ítrekuð er ósk okkar um fund með fulltrúum borgarinnar.

Með vinsemd og virðingu

Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri



Reykjavík, 14. október 2024

USK23080128

Samgöngustofa  
Ármúla 2  
108 Reykjavík

**Efni:** svar við erindi Samgöngustofu til Reykjavíkurborgar, dags. 27. maí 2024.

Vísað er til framangreinds erindis Samgöngustofu þar sem Reykjavíkurborg er gert að bregðast við og lækka og/eða fella trjágróður í Öskjuhlíð. Verði þeim aðgerðum ekki lokið fyrir 2. september 2024 muni Samgöngustofa láta fjarlægja trén á kostnað borgarinnar.

### Forsaga

Árið 2017 voru felld 140 tré í Öskjuhlíð í samvinnu Isavia ohf. og Reykjavíkurborgar. Fram til ársins 2022 voru felld um það bil 10 tré á ári í samráði við Isavia. Árið 2023 barst svo Reykjavíkurborg erindi/minnisblað frá Isavia innanlandsflugvöllum ehf. (Isavia) þar sem þess er krafist að Reykjavíkurborg bregðist við án tafar og annað hvort felli um 2900 tré, og bregðist þannig við í eitt skipti fyrir öll, eða felli um 1200 tré þá þegar. Í minnisblaðinu er vísað til tvenns konar hindranaflata umhverfis flugvöllinn, sk. VSS og OCS flata. Engin hindrun megi fara upp í OCS flötinn, VSS-flötur skuli einnig vera hindranalaus en fari hindrun upp í hann megi meta áhrif hennar á öryggi og niðurstaða slíks mats geti verið að lækka hindrun eða fjarlægja. Ekki kemur fram í minnisblaðinu hvar í íslenskum rétti sé fjallað um OCS og VSS fleti og skyldu sveitarfélags til að tryggja að gróður eða aðrar hindranir skagi ekki upp í þá.

Í framangreindu erindi Samgöngustofu frá 27. maí sl. er vísað til minnisblaðs Isavia án frekari skýringa. Vísað er til 148. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, sem kveði á um frávik frá hæðartakmörkunum o.fl. við setningu skipulagsreglna þar sem fram komi að óheimilt sé að víkja frá hæðartakmörkunum sem kveðið sé á um í skipulagsreglum flugvallar án samþykkis Samgöngustofu. Samgöngustofa fer í erindinu fram á að Reykjavíkurborg bregðist við og lækki eða felli trjágróður í Öskjuhlíð að öðrum kosti muni stofnunin láta fella tré í landi borgarinnar á hennar kostnað. Ekki kemur fram nákvæmlega hversu mörg tré en leiða má líkur að því að annað hvort sé átt við 1200 tré eða 2900 tré sbr. minnisblaðið sem fylgir erindinu og vísað er til án athugasemda.

Að beiðni Reykjavíkurborgar áttu fulltrúar borgarinnar tvo fundi með fulltrúum Samgöngustofu í ágúst sl. Á þeim fundum var farið yfir hvað fælist í OCS og VSS-flötum og voru það góðir fundir þrátt fyrir að ekki fengjust fullnægjandi skýringar á því hvar í íslenskum lögum væri að finna grundvöll þeirrar kröfu sem sett hefði verið fram á hendur borginni um fellinguna trjáa í Öskjuhlíð, hvaða lagaheimildum (íslenskum) væri byggt á og hvernig krafan samrýmdist hindranaflötum sem birtir væru í gildandi skipulagsreglum flugvallarins.

Reykjavíkurborg lét engu að síður fella 35 tré í Öskjuhlíð í byrjun september, nánar til tekið þau tré sem þegar sköguðu upp í OCS-flöt þegar mælt var árið 2022 og svo þau tré sem ætla má að gætu vaxið upp í hann á þessu ári, 2024. Reykjavíkurborg upplýsti



einnig Samgöngustofu um að samtal hefði verið í gangi milli borgar og Isavia um fyrirkomulag umhirðu skógarins í Öskjuhlíð til lengri tíma sem tæki tillit til framangreindra hindranafmeta en tryggði á sama tíma að svæðið fengi að njóta sín sem sá vinsæli útivistarskógur borgarbúa sem það er. Samgöngustofa veitti þá Reykjavíkurborg frest í einn mánuð til að svara erindi stofnunarinnar.

### **Sjónarmið Reykjavíkurborgar**

Reykjavíkurborg gerir alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð Samgöngustofu sem uppfyllir engan veginn skilyrði stjórnáslulaga um málsmeðferð við töku stjórnvaldsákvörðana. Um er að ræða íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gagnvart Reykjavíkurborg þar sem gerð er krafa um að borgin láti fella stóran hluta trjáa í Öskjuhlíð, einu helsta útivistarsvæði borgarinnar vestan Elliðaána, að öðrum kosti verði það gert á kostnað borgarinnar og eftir atvikum með atbeina lögreglu. Reykjavíkurborg var ekki veitt færi á andmælum áður en ákvörðun var tekin, þrátt fyrir að um verulega íþyngjandi ákvörðun væri að ræða, og verður þegar af þeirri ástæðu að líta svo á að málið hafi ekki verið fullrannsakað af hálfu Samgöngustofu. Þá verður ekki séð að Samgöngustofa hafi lagt sjálfstætt mat á minnisblað Isavia og þannig uppfyllt rannsóknarskyldu sína sem sjálfstæð stjórnáslustofnun sem sinnir eftirliti með flugvællinum. Það er lágmarkskrafa að stofnunin sinni rannsóknarskyldu sinni, leggi sjálfstætt mat á málið og rökstyðji það mat gagnvart þeim aðila sem hún beinir stjórnásluvaldi sínu að. Verulega skortir einnig á að leiðbeiningarreglan sé uppfyllt. Þannig er hvorki skýrt hvar í lögum er að finna skýringar á þeim hindranafötum sem krafa er gerð um að verði hindranalausir, né er leiðbeint um kærheimild og fresti eins og ber að gera. Þegar af þessum orsökum má vera ljóst að framangreind ákvörðun uppfyllir ekki lágmarkskröfur stjórnáslulaga og er haldin slíkum annmörkum að það ber að afturkalla hana.

Samkvæmt lögum um loftferðir eru afmarkaðir hindranafletir fyrir Reykjavíkurflogvöll í skipulagsreglum flugvallarins sem ekki er heimilt að skaga upp í nema með heimild Samgöngustofu. Núgildandi skipulagsreglur voru settar árið 2009 og í skilmálum þeirra um hindranafleti er fjallað um aðflugsfleti, flugtaksfleti, skáfleti og keiluflet. Hvorki er minnst á OCS-flöt né VSS-flöt. Hindranafletir eins og þeir eru útskýrðir og birtir á uppdráttum með skipulagsreglunum taka mið af flugbrautinni, hefjast 60 m fyrir aftan þröskuld og liggja þaðan í ákveðnum halla óháð landslagi (1,15 gráður). Þannig liggur hindranafletur í gegnum Öskjuhlíð en skilmálar gera ráð fyrir að þar sem land standi upp úr hindranafleti nú þegar megi þrátt fyrir það gera ráð fyrir byggingum allt að 18m yfir óhreyft land, en að þær séu hindranalýstar. OCS-flötur byrjar við þröskuld og rís þaðan eina gráðu undir aðflugshorni. VSS-flötur hefst aftur á móti 60m fyrir aftan þröskuld og rís þaðan 1.12 gráðum undir aðflugshorni. Fletirnir taka því mið af aðflugshorninu en miðast ekki við flugbrautina sjálfa óháð hæð á landi umhverfis völlinn. Þetta eru því gerólíkir fletir frá því sem skipulagsreglurnar kveða á um.

Heimildir Samgöngustofu samkvæmt 149. gr. laga um loftferðir takmarkast við að framfylgja takmörkunum sem ákveðnar eru í skipulagsreglum flugvallar. Samgöngustofa getur því ekki byggt á 149. gr. til að framfylgja takmörkunum sem ekki eiga stoð í skipulagsreglum flugvallar. Eins og að framan er rakið fjallar minnisblað Isavia um sk. OCS og VSS hindranafleti sem eru ekki sömu hindranafletir og núgildandi skipulagsreglur Reykjavíkurflogvallar kveða á um. Það er því niðurstaða Reykjavíkurborgar að ákvörðun Samgöngustofu eigi sér ekki lagastoð, sér í lagi þar sem um íþyngjandi ákvörðun gagnvart borginni er að ræða, en slíkar ákvarðanir þurfa ætíð að eiga sér skýra stoð í lögum.



Loks er rétt að nefna að nú er að störfum starfshópur skipaður af innviðaráðherra sem hefur það hlutverk að vinna drög að nýjum skipulagsreglum fyrir Reykjavíkflugvöll, sbr. 147. gr. laga um loftferðir. Samkvæmt lögnum skulu skipulagsreglur fjalla um:

- a. afmörkun flugvallarsvæðis, hindranaflata sem og annarra flata sem tengjast flugvellinum og áhrif kunna að hafa á öryggi flugvallar og flugumferðar þar sem nauðsynlegt er að setja takmarkanir á athafnir fólks og á hæð mannvirkja og annarra hluta, svo sem trjáa og stanga, eða takmörkun á meðferð mannvirkja eða hluta, t.d. að því er varðar veitukerfi eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis,
- b. hnattstöðu og mestu hæð hindrana á aðflugs- og flugtakssvæðum, hringflugssvæði og annars staðar sem við á í nágrenni flugvallar,
- c. skipulag, starfsemi og umferð innan flugvallarsvæðis.

Það verður því að teljast eðlilegt og sá farvegur sem löggjafinn ákveðið að að mál er varða mögulegar breytingar á hindranaflötum flugvallarins verði rædd á þeim vettvangi.

### **Niðurstaða**

Með vísan til alls þess sem hefur verið rakið hér að framan fer Reykjavíkurborg fram á að Samgöngustofa afturkalli ákvörðun sína frá 27. maí sl. Þess er óskað að Reykjavíkurborg verði upplýst um ákvörðun Samgöngustofu og kæruleiðir og fresti eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,  
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
*Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða  
Umhverfis- og skipulagssvið*

Samrit:  
Hjálagt:

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2024  
Tilv.:24051725 / EVD

**Efni: Svar við beiðni Reykjavíkurborgar um afturköllun ákvörðunar Samgöngustofu frá 27. maí 2024 vegna trjágróðurs í Öskjuhlíð.**

Vísað er til bréfs Reykjavíkurborgar frá 14. október sl. þar sem borgin bregst við erindi Samgöngustofu frá 27. maí sl. vegna trjágróðurs í Öskjuhlíð og farið er fram á að stofnunin afturkalli ákvörðun sína um að fella trjágróður sem fer upp í hindranafleti Reykjavíkurflugvallar.

Í ljósi tilkynningar frá Reykjavíkurborg 6. september sl. þar sem fram kom að 35 tré í Öskjuhlíð hafi verið felld þá upplýsir Samgöngustofa hér með að stofnunin mun ekki aðhafast frekar varðandi áður fyrirhugaðar aðgerðir. Næsta skref þessa máls er að Samgöngustofa mun boða til samráðsfundar Isavia innanlandsflugvallar, Reykjavíkurborgar og Samgöngustofu þar sem gert er ráð fyrir kynningu Isavia innanlandsflugvallar á nýjum mælingum á hæð trjágróðurs í Öskjuhlíð og mati Isavia innanlandsflugvallar á hvaða frekari aðgerða er þörf.

Hvað varðar þá spurningu Reykjavíkurborgar um hvernig krafan um að trjágróður skeri hvorki *visual segment surface* (VSS) né *obstacle clearance surface* (OCS) samræmist kröfum sem lúta að hindranafletum í skipulagsreglum flugvallarins þá vill stofnunin ítreka eftirfarandi:

Skipulagsreglur Reykjavíkurflugvallar setja takmarkanir á hvers konar mannvirki og gróður innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins. Krafan er sú í grunninn að engar hindranir, hvorki mannvirki né gróður, séu innan hindranafleta flugvallarins (þ.e. rísi upp fyrir hindranafleti). Sé eingöngu litið til aðflugsflatar (sem er einn af nokkrum tegunda hindranafleta), fyrir austur/vestur flugbrautina þá hefst sá hindranafletur 60 metrum frá enda flugbrautar 31 (endinn næst Öskjuhlíð) við jörðu og hækkar sem nemur 1,5 gráðu halla, eða 2%, óháð landslagi að 3000 m fjarlægð frá brautarenda. Ljóst má vera að sé þessi krafa uppfyllt væru hvorki tré né Öskjuhlíðin sjálf til staðar. Sú leið Isavia innanlandsflugvallar, sem fallist hefur verið á af Samgöngustofu, að tryggja þess í stað að *visual segment surface* (VSS) og *obstacle clearance surface* (OCS) séu hindranalausir (eða því sem næst) er mildunarráðstöfun, þ.e. ráðstafanir til að tryggja ásættanlegt öryggi þar krafan um hindranalausan aðflugsflöt er ekki uppfyllt. Viðbótarráðstafanir hafa enn fremur verið gerðar til að leyfa þessa nálgun, byggt á öryggismati.

Það virðist vera að sú ráðstöfun, að horfa til VSS og OCS flata í stað hindrunarflata, hafi ekki verið nægjanlega vel skýrð út fyrir Reykjavíkurborg á fundunum í ágúst sl., en stofnunin taldi að Reykjavíkurborg væri meðvituð um að umrædd mildunarráðstöfun væri sú sem horft væri til, sbr. minnisblað Isavia innanlandsflugvallar frá 6. júlí 2023.



Hvað varðar lagagrundvöll þeirrar kröfu að Samgöngustofa fjarlægji hindranir þá er hann að finna í lögum um loftferðir nr. 80/2022. Eins og Reykjavíkurborg tiltekur í bréfi sínu þá vísaði stofnunin til 1. mgr. 148. gr. laga um loftferðir, þar sem segir:

*Óheimilt er að víkja frá hæðartakmörkunum eða öðrum takmörkunum á eignarrétti, afnotum og nýtingu eigna sem kveðið er á um í skipulagsreglum flugvallar án samþykkis Samgöngustofu.*

Samkvæmt framangreindu, þá er það mildunarraðstöfun að líta til VSS- og OCS flata þar sem ef að litið væri til hindranalausss aðflugsflatar þyrfti að fjarlægja öll trén í Öskjuhlíðinni. Hvað varðar að Samgöngustofa sé að kynna til sögunnar „breytingar á hindranaflötum“ með umræðu um VSS- og OCS-fleti þá er það ekki réttur skilningur eins og fjallað er um hér að framan. Á hinn bóginn er rétt athugað hjá Reykjavíkurborg að viðeigandi væri að umfjöllum um þessa fleti væri einnig að finna í skipulagsreglum flugvallarins.

Stofnunin hafnar þeirri fullyrðingu Reykjavíkurborgar um að sú krafa Samgöngustofu að borgin virði skipulagsreglur Reykjavíkurborgar sé íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og telur að ljóst megi vera að þegar atvik máls eru þess eðlis, líkt og hér á við, að ekki sé við því að búast að andmæli geti þar neinu breytt, geti talist óþarft að veita andmælarétt. Þá er rétt að nefna að þrátt fyrir að brestur sé á að stjórnvald veiti leiðbeiningar skv. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga leiðir það almennt ekki til þess að stjórnvaldsákvörðun verði ógildanleg. Á fundi 22. ágúst sl. kom Reykjavíkurborg á framfæri athugasemduum um að kærheimild og kærufrests hefði ekki verið getið í ákvörðun Samgöngustofu og stofnunin viðurkenndi að um mistök hefði verið að ræða og ítrekaði að eins og með aðrar ákvarðanir stofnunarinnar væri ákvörðunin kærnanleg til innviðaráðuneytis.

Samgöngustofa vekur athygli á að um er að ræða mikilvægt flugöryggismál sem varðar fjarlægðir milli loftfara og hindrana í að- og brottflugsferlum að Reykjavíkflugvelli. Þá liggur fyrir að Isavia innanlandsflugvellir sem rekstraraðili Reykjavíkflugvallar telur sig ekki geta viðhaft örugga starfsemi á flugvellingum vegna umræddra hindrana í formi trjágróðurs. Eins og fram hefur komið, þá mun Samgöngustofa ekki aðhafast frekar varðandi fyrirhugaðar aðgerðir þar til nýtt stöðumat á trjágróðri hefur verið kynnt og rætt milli Isavia innanlandsflugvalla og Reykjavíkurborgar. Samgöngustofa mun taka þátt í þeim samræðum að beiðni Isavia innanlandsflugvalla.

Virðingarfyllst

Hlín Hólm

deildarstjóri flugleiðsögu-, flugvalla- og flugverndardeildar

Erla Vinsý Daðadóttir  
lögfræðingur

Afrit: Innviðaráðuneytið; Isavia Innanlandsflugvellir